

607. fundur

Miðvikudaginn 29. júní 2016 var haldinn fundur í nefnd skv. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993 í atvinnuvega- nýsköpunarráðuneytinu.

Þessir voru mættir:

Ólafur Friðriksson formaður ANR
Sigurbjörg Stella Guðmundsdóttir ANR
Baldur Sigmundsson ANR
Benedikt S. Benediktsson FJR

1. Lögð var fram fundargerð 606, hún var samþykkt.
2. Tekin voru fyrir drög að reglugerð um úthlutun á tollkvótum vegna innflutnings á útiræktuðu grænmeti.
Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993, sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra.

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollar	Magnatollar
Tollskrárnúmer:			kg/stk.	%	kr./kg/stk.
7.019.009	Annars (kartöflur)	01.07.-14.08.16	ótilgr.	0	0
7.041.000	Blómkál og hnappað spergilkál	01.07.-14.08.16	ótilgr.	0	0
7.049.001	Hvítkál	01.07.-11.09.16	ótilgr.	0	0
7.049.002	Rauðkál	01.07.-18.09.16	ótilgr.	0	0
7.049.003	Kínakál	01.07.-07.08.16	ótilgr.	0	0
7.049.004	Spergilkál (Brassica oleracea var. Ita.)	01.07.-31.12.16	ótilgr.	0	0
7.061.000	Gulrætur og næpur	01.07.-25.09.16	ótilgr.	0	0
7.094.000	Selja, önnur en seljurót	01.07.-04.09.16	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Með tillögunni verður lagt til að innflutningsvernd verði felld niður á nefndum tímabilum og eftir tegundum á útiræktuðu grænmeti en byggt er aðallega á reynslu undanfarinna ára og þeim upplýsingum sem nefndin hefur aflað. Ástæður niðurfellingar innflutningsverndar er sú, að framboð telst ekki vera nægjanlegt á innanlandsmarkaði samkvæmt 2. mgr. 65 gr. A búvörulaga nr. 99/1993. Með vísan til 2. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993, gerir nefndin framangreinda tillögu.

3. Tekin voru fyrir drög að reglugerð um úthlutun á opnum tollkvótum á ógerilsneyddri, lífrænni mjólk, frystri.

Með vísan til 4. mgr. 87. gr. búvörulaga nr. 99/1993, sendir ráðgjafarnefnd um inn- og útflutning landbúnaðarvara eftirfarandi drög að tillögu sem nefndin hyggst leggja til við ráðherra. Um er að ræða tillögu um almenna heimild til innflutnings með opnum tollkvótum á ógerilsneyddri, lífrænni mjólk, frystri:

	Vara	Tímabil	Vörumagn	Verðtollur	Magnatollur
			ltr./kg	%	kr./ltr.
Úr tollskrárnúmer:	Mjólk og rjómi, þó ekki kjarnað eða með viðbættum sykri eða öðru sætuefni:				
	- Með fituinnihaldi sem er meira en 1% en ekki meira en 6% miðað við þyngd:				
ex 0401.2009	-- Annað (ógerilsneydd lífræn mjólk - fryst)	08.07.-31.12.16	ótilgr.	0	0

Rökstuðningur: Nefndinni hafa borist ábendingar þess efnis að skortur sé á ógerilsneyddri lífrænni mjólk. Með vísan til nefndra ábendinga og þeirra gagna sem aflað hefur verið síðan í samræmi við 3. mgr. 87. gr. laga nr. 99/1993 gerir nefndin framangreinda tillögu um úthlutun á opnum tollkvótum á ógerilsneyddri lífrænni mjólk, frystri.

Fleira ekki gert og fundi slitið.